

á högum verjanda, þar sem hún fluttist úr fjarlægum landi til þess að stofna hér til hjúskapar og heimilis. Er eðlilegt með hliðsjón af 57. gr. laga nr. 60 frá 1972 að taka þessar aðstæður til greina, og þykir því rétt, að verjandi haldi þeim 5.000 bandaríkjadöllum, sem sækjandi hefur yfirfært á hennar nafn, umfram þær eignir, sem hún færði til búsins.

Málskostnaður fellur niður.

Unnsteinn Beck borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Uppsaga hans hefur dregist vegna mikilla embættisanna dóm-
ærans.

Úrskurðarorð:

Skipti á búi þessu fari eftir reglum 57., sbr. 27. gr. laga nr. 60 frá 1972, þannig að hvor málsaðilja heldur því, sem hann hefur fært til búsins, þó svo, að umfram þetta á verjandi tilkall til 5.000 bandaríkjadala, sem sækjandi hefur lagt á hennar reikning í Bandaríkjunum.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 24. júní 1977.

Nr. 91/1977. **Guðni Þórðarson**

gegn

Staðli h/f.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. maí 1977, sem Hæstarétti barst 15. júní s. á. Krefst hann þess, að frávísunardómur bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 22. apríl 1977, verði úr gildi felldur og lagt fyrir

héraðsdómara að kveða upp efnisdóm um þann þátt málsins, sem frávísað var. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og að kærumálskostnaður verði látinn falla niður.

Er mál þetta var dómtekið að kröfu sóknaraðilja hinn 3. mars sl., hafði hann ekki gert næga grein fyrir kröfum sínum samkvæmt þeim kröfulið, er héraðsdómari vísaði frá dómi, og ekki hafði hann kafið varnaraðilja um reikningsgerð vegna greiðslna frá viðskiptamönnum fyrir þau verkefni, sem hann leysti af hendi. Sóknaraðili hefur að visu látið fylgja greinargerð sinni til Hæstaréttar yfirlit yfir störf sín hjá varnaraðilja til skýringar framangreindum kröfulið. Það yfirlit var honum í lófa lagið að leggja fram í héraðsdómi. Samkvæmt þessu þykir rétt að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. apríl 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 4. f. m., hefur Guðni Þórðarson, Efstalandi 18 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni af yfirborgardómaranum í Reykjavík 9. maí 1973, á hendur Staðli h/f, Skólavörðustíg 46 hér í borg, til greiðslu á kr. 517.515 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1973 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar, þar með talinn löghaldskostnaður að skaðlausu að mati dómsins. Þá krefst stefnandi staðfestingar á löghaldi, sem hann hinn 2. maí 1973 lét leggja á eftirtaldar eignir stefnanda: 1. sparisjóðsbók nr. 19486 við Landsbanka Íslands, að fjárhæð kr. 265.850, 2. skuldabréf, útgefið af Jóhönnu Gunnarsdóttur, að eftirstöðvum kr. 50.264.15, 3. þrjú skuldabréf, útgefin af Valberg Lárussyni, að eftirstöðvum kr. 99.000, og 4. dómkröfu í bæjarþingsmálinu nr. 48/1971 á hendur Katli Axelssyni, að fjárhæð kr. 297.900.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að skaðlausu eða að mati dómarans. Þá er þess

krafist, að synjað verði um staðfestingu á löghaldi því, sem hinn 2. maí 1973 var gert að tilhlutan stefnanda í eignum stefnda.

Undir rekstri málsins féll þingsókn niður af hálfu stefnda, og er málið því skriflega flutt skv. 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936.

Málsatvik kveður stefnandi vera þau, að hann hafi verið ráðinn framkvæmdastjóri stefnda í ársbyrjun 1968. Hann hafi annast stjórn á daglegum rekstri fyrirtækisins allt til 16. september 1972, en þá hafi honum verið sagt ólöglega upp framkvæmdastjóra-starfinu án fyrirvara. Hafi hann ekki fengið uppgjör á inneign sinni hjá fyrirtækinu, en hún sé sundurliðuð þannig:

1. Vangreidd laun 1972 kr. 99.109
2. Vangreidd laun fyrir framkvæmdastjórastörf tíma-
bilið 1. janúar 1969 — 15. september 1972 — 229.665
3. Vangreitt orlof 1969—1972 — 188.741

Kr. 517.515

Fyrir dómi hefur stefnandi skýrt svo frá, að laun starfsmanna hafi verið ákveðin þannig, að 80% af greiðslum fyrir verk, sem fyrirtækið tók að sér, hafi verið greidd í laun, en þeirri fjárhæð hafi síðan verið skipt á starfsmenn í hlutfalli við þann vinnutíma, sem hver og einn hafði lagt til verksins. Starfsmenn hafi sjálfir talið vinnutíma sína við hvert verk og viti hann ekki til, að nokkurn tíma hafi risið ágreiningur út af því. Yfirleitt hafi ekki verið greitt fyrir verk, fyrr en þeim var lokið, en á meðan hafi starfsmönnum verið greidd laun eftir hendinni. Þegar svo loka-greiðsla fór fram fyrir verk, hafi uppgjör við starfsmenn farið fram á umræddum grundvelli. Stefnandi kveðst hafa verið búinn að fá greidd laun, samtals kr. 815.325, er hann hafi farið í fri án launa 15. september 1972. Eftir það hafi hann unnið hjá stefnda í 588.5 stundir samkvæmt tímaskrá, sem hann hafi skilað, og eigi hann að fá greitt kr. 340 fyrir klst. samkvæmt uppgjorsreglum og samkomulagi við stefnda. Nemi sú krafa því kr. 200.090, en hinn 2. janúar 1973 hafi stefndi greitt upp í kröfuna kr. 100.981 og standi því eftir kr. 99.109. Þrátt fyrir kröfugerð þessa hafi ekki verið gert upp fyrir mörg verk, sem hann hafi unnið við og honum beri því hlutdeild í. Hafi ekki fengist nægar upplýsingar frá stefnda um þær fjárhæðir. Stefnandi kveðst hafa verið ráðinn framkvæmdastjóri fyrirtækisins, en í stofnsamningi félagsins sé gert ráð fyrir ráðningu framkvæmdastjóra. Ráðningin hafi farið

fram á félagsfundi, en ekki hafi verið rætt um, hvernig launa-greiðslum skyldi háttað. Starf sitt sem framkvæmdastjóra kveður stefnandi fyrst og fremst hafa falist í daglegum rekstri fyrirtækisins. Hann hafi einn haft prókúru fyrir fyrirtækið. Hann hafi séð um að færa alla tíma starfsmannanna eftir hvern mánuð og síðan að greiða þeim laun eftir þeim tímafjölda og uppgjöri. Hann hafi séð um eða haft hönd í bagga með að skrifa reikninga. Þá hafi hann unnið með bókhaldara fyrirtækisins að bókhaldsfærslum og að skýra fyrir honum reikninga og einnig hafi hann unnið með honum við ársuppgjör. Þá kveðst stefnandi hafa haft undir höndum tékkhefti, bankabækur, skuldabréf og víxla og séð um að selja víxla. Þá hafi hann greitt reikninga og annast innkaup. Einnig hafi hann komið fram af hálfu fyrirtækisins, ef ágreiningur reis við viðskiptavini. Þá hafi hann að nokkru leyti séð um að afla fyrirtækinu viðskiptavina svo sem aðrir starfsmenn fyrirtækisins. Ef gerðir hafi verið skriflegir samningar við viðskiptavini, kveðst stefnandi hafa skrifað undir þá, oft ásamt einum stjórnarmanni. Kveðst stefnandi hafa ætlast til, að laun fyrir framkvæmdastjórastarfið yrðu greidd af rekstrarafgangi fyrirtækisins, þegar búið væri að reka það í tvö til þrjú ár. Hann hafi sleppt að innheimta framkvæmdastjórالاun fyrstu árin, á meðan hagar fyrirtækisins hafi ekki verið sérlega góður, en ætíunin hafi verið, að þetta yrði greitt, þegar hagarinn batnaði. Stefndandi kveður orlof ekki hafa verið greitt fyrir vinnu við fyrirtækið. Hann hafi talið sig eiga rétt á orlofsgreiðslum samkvæmt lögum, en ekki innheimt þær af sömu ástæðum og hann innheimti ekki laun fyrir framkvæmdastjórastarfið. Menn hafi ekki fengið greidd laun þann tíma, sem þeir fóru í orlof. Eina sumarleyfið, sem hann hafi tekið, hafi verið hálfur mánuður, eftir að honum var sagt upp framkvæmdastjórastarfinu.

Jón Róbert Karlsson, sem var í stjórn stefnda frá upphafi og síðast framkvæmdastjóri félagsins, hefur skýrt svo frá, að félagið hafi stofnað fimm menn, hafi einn þeirra, stefnandi, starfað hjá félaginu í upphafi, en hinir hafi verið í vinnu annars staðar. Hafi stefnandi verið kosinn formaður og einnig hafi hann haft prókúru fyrir félagið. Hinir félagarnir hafi unnið hjá stefnda á kvöldin og um helgar og síðar hafi þrír þeirra farið að vinna hjá stefnda allan daginn, en einn hafi aðeins unnið hjá stefnda sem lausamaður. Störfum hafi verið þannig hagað, að þrír þeirra félaganna hafi verið lærðir arkitektar og hafi verkefnin fyrst gengið til þeirra, því fyrst hafi þurft að gera skissur og finna út,

hvernig leysa átti verkefnin. Þegar búið hafi verið að leysa þennan þátt verkefnanna og fá þau samþykkt af byggingarnefnd, hafi verkefnin gengið til hinna tveggja félaganna, sem hafi verið tæknifræðingar. Megi því segja, að þeir arkitektarnir hafi komið meira fram fyrir hönd félagsins og einnig hafi þeir unnið meira af vafasamari vinnu, en tæknifræðingarnir, þar með stefnandi, hafi getað gengið beint að sínu verki. Jón kveður samræmingu starfa hafa verið í höndum félaganna allra. Ef þurft hafi að reikna verðtilboð, hafi það skipst nokkuð jafnt á menn. Einnig hafi þeir unnið við að skrifa reikninga og innheimta fyrir unnin verk, en peningarnir hafi svo gengið til stefnanda. Jón kveður laun hafa verið greidd eftir svokölluðu bónuskerfi, þ. e. 80% af greiðslum fyrir verk hafi gengið til þeirra, sem við það unnu, en 20% hafi gengið til félagsins og til greiðslu rekstrarkostnaðar. Laun manna, sem við verk unnu, hafi svo verið reiknuð í hlutfalli við vinnustundafjölda, sem hver maður vann við verkið. Þá hafi sérstakur bókhaldari séð um bókhald, en stefnandi muni hafa fært honum gögnin. Jón kveður aldrei hafa verið rætt um það, að stefnandi fengi sérstök laun fyrir sérstök störf í þágu félagsins, svo sem að vera prókúruhafi, öðru vísi en að þau væru innifalín í þeirri skiptingu greiðslna fyrir verk, sem hann hefur lýst. Hafi stefnandi aldrei vakið máls á því, að hann ætti rétt á sérstöku greiðslum fyrir þau störf, og krafa um framkvæmdastjórallaun hafi fyrst komið fram, eftir að hann hafi verið hættur störfum hjá stefnda. Varðandi kröfu stefnanda um eftirstöðvar launa fyrir árið 1972 kveður Jón það hafa komið í ljós, að stefnandi hafi fengið ofgreitt fyrir verk, sem hann vann að á því ári, en einnig hafi þarna verið um að ræða verk, sem ekki hafi verið búið að innheimta greiðslur fyrir. Hafi verið talsverður munur á því, sem stefnandi hafi verið búinn að fá ofgreitt miðað við það, sem hann átti eftir að fá greitt. Varðandi verk, sem stefnandi hafi verið búinn að fá ofgreitt fyrir, kveður Jón eitt tilvik hafa verið þess eðlis, að búið hafi verið að semja um ákveðið verð fyrir það og hafi stefndi orðið að standa við það, en sú greiðsla hafi ekki borið þau laun, sem stefnandi hafði reiknað sér. Þá hafi ekki tekist að fá endanlegt uppgjör á einu verki sökum leiðinda, sem höfðu skapast við það. Þá séu eftirstöðvar greiðslna fyrir tvö verk smáfjárhæðir, kr. 200 og kr. 1.000, sem ekki hafi þótt ástæða til að innheimta. Jón kveður engan félaganna hafa fengið sérstakar orlofsgreiðslur og hafi alltaf verið litið svo á, að orlofsgreiðslur og annað, þar með talin laun framkvæmda-

stjóra, væru innifaldar í þeim 80% af greiðslum fyrir verk, sem skipt var milli starfsmanna, enda sé vandséð, hvernig félagið hafi átt að geta greitt orlof af þeim 20%, sem þá voru eftir.

Krafa stefnanda samkvæmt 1. kröfulið er byggð á því, að er hann hafi farið í frí 15. september 1972, hafi hann verið búinn að fá greidd laun, samtals kr. 815.325 það ár. Eftir það hafi hann unnið hjá stefnda í 588.5 stundir og beri honum kr. 340 fyrir hverja stund samkvæmt uppgjörsglum og samkomulagi við stefnda. Krafa stefnanda af þessum sökum hafi því numið kr. 200.090, en hinn 2. janúar 1973 hafi stefndi greitt upp í kröfuna kr. 100.981 og nemi eftirstöðvarnar því kr. 99.109. Er stefnanda einnig áskilinn réttur til að hækka kröfuna samkvæmt þessum lið, er nægilegar upplýsingar liggi fyrir um frekari greiðslur til stefnda fyrir verk, sem stefnandi eigi hlutdeild í.

Krafa stefnanda samkvæmt 2. kröfulið er byggð á því, að stefnandi hafi daglega orðið að vinna við framkvæmdastjórastarfið í þágu stefnda og hafi hann ekki fengið greitt fyrir þessa vinnu. Hafi vinna þessi verið þess eðlis, að samkvæmt almennum reglum eða samningum við einstaka viðskiptamenn hafi ekki verið unnt að færa hana á kostnað við unnin verk og hafi það ekki verið gert. Kröfugerðin er byggð á því, að stefnandi hafi eytt í framkvæmdastjórastarfið 1/2 klst. á vinnudag árið 1969, 1 klst. á vinnudag árið 1970 og 1½ klst. á vinnudag árin 1971 og 1972. Laun fyrir vinnustund séu byggð á launum tæknifræðinga á þessum tíma og séu þau jafngildi launa deildarverkfræðinga hjá Reykjavíkurborg á þessum tíma, enda sé ekki unnt að finna annan sanngjarnari mælikvarða.

Krafa stefnanda samkvæmt 3. kröfulið er byggð á því, að samkvæmt lögum eigi stefnandi rétt á, að orlof sé reiknað á öll laun hans. Í samræmi við það sé gerð krafa um orlof á greidd laun á árunum 1969—1972 og á ógreiddar eftirstöðvar launa svo og framkvæmdastjórالاun.

Krafa stefnda um sýknu af fyrsta kröfulið kröfugerðar stefnanda er byggð á því, að stefnandi eigi ekki teljandi ógreidd laun hjá fyrirtækinu fyrir vinnu þá, sem þar er krafist greiðslu fyrir. Er því haldið fram, að þótt viðskiptamenn hafi greitt fyrir verk, sem stefnandi vann við, eftir að hann hætti störfum hjá stefnda, þá hafi stefnandi áður verið búinn að fá greitt upp í vinnu við verk, sem ekki hafi fengist greidd af viðskiptavinum.

Krafa stefnda um sýknu af öðrum kröfulið kröfugerðar stefnanda er byggð á því, að aldrei hafi verið ætlast til þess, að stefn-

andi fengi greidd sérstök laun fyrir að gegna starfi framkvæmda-
stjóra hjá félaginu, heldur hafi vinna hans við þetta starf verið
færð á verk þau, sem unnið var að hjá félaginu hverju sinni, eftir
því sem við átti. Sé á það að líta í því sambandi, að krafa stefn-
anda um þessi laun hafi ekki komið fram fyrr en eftir að hann
var hættur að starfa hjá stefnda. Einnig sé á það að líta, að aðrir
starfsmenn hafi átt ótaldar vinnustundir við undirbúning verka,
sem ekkert varð úr og ekkert fékkst greitt fyrir.

Krafa stefnda um sýknu af þriðja kröfulið kröfugerðar stefn-
anda er byggð á því, að orlof hafi verið innifalið í greiðslum þeim,
sem stefnandi hafi fengið fyrir vinnu sína. Hafi stefndi ekki
greitt neinum starfsmanna orlof á annan hátt. Þessi krafa, ef rétt
væri, ætti að sjást í bókhaldi frá stjórnartíma stefnanda sem
skuld stefnda við hann, en svo sé ekki.

Af hálfu stefnanda hefur ekki komið fram, á hvaða verk þær
588.5 vinnustundir féllu, sem krafist er greiðslu fyrir samkvæmt
1. kröfulið. Af hálfu stefnda kemur fram, að þótt stefnandi kunni
að eiga ógreidd laun fyrir eitthvað af þessari vinnu, þá hafi hann
áður fengið greiðslur fyrir verk, sem ekki voru svo greidd af við-
skiptavinum. Þegar litið er til þess, hvernig launagreiðslum var
háttað hjá stefnda, svo þess, sem fram hefur komið hjá stefnanda
og Jóni Róbert Karlssyni, þá þykir hvorugur aðilja hafa gert
nægilega glögga grein fyrir því, hvernig atriðum þeim er háttað,
sem ættu að ráða því, hvort stefnandi á frekari ógreidd laun hjá
stefnda eða ekki. Þykir því verða að vísa kröfu stefnanda sam-
kvæmt þessum kröfulið sjálfkrafa frá dómi.

Málskostnaður í þessum þætti verður ekki dæmdur.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Kröfu stefnanda, Guðna Þórðarsonar, samkvæmt 1. kröfu-
lið í kröfugerð hans er sjálfkrafa vísað frá dómi. Málskostn-
aður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.